

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/70/07

frá 9. ágúst 2010

um breytingu á XI. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar skrána yfir rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að meðhöndla lifandi gin- og klaufaveikiveiru

(tilkynnt með númeri C(2010) 5420)

(2010/435/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 67. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2003/85/EB eru tilgreindar þær lágmarksvarnarráðstafanir sem beita á ef upp kemur gin- og klaufaveiki og tilteknar forvarnarráðstafanir sem miða að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda og landbúnaðarsamfélagsins að því er varðar þann sjúkdóm.
- 2) Á meðal þessara forvarnarráðstafana er skylda aðildarríkja til að tryggja að meðhöndlun lifandi gin- og klaufaveikiveira til rannsókna og greiningar fari eingöngu fram í samþykktum rannsóknarstofum, sem tilgreindar eru í A-hluta, og að framleiðsla á annaðhvort óvirkjuðum ónæmisvökum til framleiðslu á bóluefnum eða framleiðsla á bóluefnum og tengdar rannsóknir fari einungis fram í stöðvum og rannsóknarstofum sem tilgreindar eru í B-hluta XI. viðauka við tilskipun 2003/85/EB.
- 3) Búlgaría hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni opinberlega að í kjölfar eftirlits, sem var framkvæmt í samræmi við 66. gr. tilskipunar 2003/85/EB, teljist landsbundin tilvísunarrannsóknastofa hennar ekki lengur uppfylla þá líföryggisstaðla sem mælt er fyrir um í d-lið 65. gr. tilskipunar 2003/85/EB
- 4) Holland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni opinberlega um tilteknar breytingar varðandi heiti rannsóknarstofu, staðsettrar í Hollandi, sem er tilgreind í B-hluta XI. viðauka við tilskipun 2003/85/EB.

- 5) Af öryggisástæðum er mikilvægt að uppfæra stöðugt skrána yfir rannsóknarstofur sem sett er fram í tilskipun 2003/85/EB.
- 6) Til samræmis við það er nauðsynlegt að fella brott færsluna fyrir Búlgaríu af skránni yfir rannsóknarstofur sem sett er fram í A-hluta og skipta út færslunni fyrir Holland í skrá yfir rannsóknarstofur sem sett er fram í B-hluta XI. viðauka við tilskipun 2003/85/EB. Breyta ber XI. viðauka við tilskipun 2003/85/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XI. viðauka við tilskipun 2003/85/EB er breytt sem hér segir:

1. Í A-hluta falli færslan fyrir Búlgaríu brott,
2. Í stað færslunnar í B-hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi:

„NL	Holland	Merial S.A.S., Lelystad Laboratory, Lelystad“
-----	---------	---

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 209, 10.8.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.